

Fundargerð
305. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)
Miðvikudaginn 12. maí 2021 kl. 8³⁰–10²⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) (fjv) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)
Kristín Elfa Axelsdóttir (KEA) (vm) BSB

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt með breytingu sem kom fram á fundinum, án áritunar.

2. Raftæki

Í desember á síðasta ári var ákveðin til bráðabirgða hækkun á endurgjaldi á kælitækjum. Unnið hefur verið að því að finna nýja ráðstöfunaraðila og leyfi til útflutnings. ÍG fór yfir væntanlegar breytingar og lagði fram minnisblað á fundinum. Farið var yfir kostnaðargreiningu við meðhöndlun á kælitækjum. Stjórn leggur áherslu á að farið verði yfir meðhöndlun á raftækjum. Stjórn óskar jafnframt eftir að farið verði yfir meðhöndlun á stórum raftækjum.

Stjórn samþykkir endurgjald fyrir kælitæki skuli vera 90 kr/kg frá og með 1. júní 2021.

3. Ráðstöfunaraðilar

ÓK fór yfir að stjórn hefur rætt um eftirlit með ráðstöfun, sérstaklega ef miðlarar senda úrgang til endurvinnslu utan Evrópu. ÓK sagði frá því að send hafi verið út beiðni til miðlara um nánari upplýsingar um móttakanda efnis utan ESB. Unnið er að breytingum á skilmálum vegna aðkomu miðlara þannig að endurvinnsluaðilinn verði gefinn upp ef úrgangi er miðlað áfram. Stjórn ræddi hvaða upplýsingar um endurvinnsluaðila þurfa að liggja fyrir þannig að hægt sé að viðurkenna miðlara sem ráðstöfunaraðila. Má þar t.d. nefna; nafn endurvinnsluaðila, heimilisfang, starfsleyfi viðkomandi yfirvalda, myndir frá starfstöð endurvinnslufyrirtækis og leyfi miðlara til útflutnings. Stjórn óskar eftir að fá ofangreindar upplýsingar sem allra fyrst.

Stjórn samþykkir að birta upplýsingar um samþykta ráðstöfunaraðila á vef Úrvinnslusjóðs.

Umræðu frestað.

4. Flutningsjöfnun

LHG fór yfir að í tengslum við umræðu um heyrúlluplast á síðasta stjórnarfundum óskaði stjórnin eftir að farið yrði yfir greiðslur fyrir flutninga. ÓK lagði fram og fór yfir samantekt á núllpunktum eftir vöruflokkum, ástæður núllpunkta og atriði sem eru í skoðun í tengslum við endurskoðun flutningsjöfnunar. Rætt var sérstaklega um flutningsjöfnun á heyrúlluplasti, rafgeymum og hjólbörðum. ÓK fór almennt yfir meðhöndlun á heyrúlluplasti áður en það er flutt til ráðstöfunaraðila. Stjórn ræddi stöðuna.

ÓK upplýsti að unnið væri að gerð nýrrar reiknireglu fyrir flutninga í samstarfi við Mannvit og að niðurstaðan yrði kynnt stjórn þegar hún lægi fyrir.

Farið var yfir að ekkert heyrúlluplast hefur farið til miðlara í meðhöndlun á þessu ári.

5. Heyrúlluplast

LHG fór yfir að á síðasta fundi hafi Sigurður Halldórsson framkvæmdastjóri PNR og Katrín Pétursdóttir stjórnarformaður komið á stjórnarfund og kynnt fyrirtækið. Einnig ræddu þau við stjórn m.a. um nýfengið lögfræðialit um stuðning við innlenda endurvinnslu. Lagðar voru fram á fundinum glærur frá SH um tvær tillögur PNR að lausn málsins. Stjórn fór yfir tillögurnar.

Umræðu frestað.

6. Starfsskýrslur

Lögð voru fram á fundinum drög að skýrslu um starfsemi Úrvinnslusjóðs árin 2017-2019. Farið var yfir forsendur og umhugsunaratriði í ljósi þess að fyrir þessi ár liggja ekki fyrir samþykktir ársreikningar í samræmi við lög um úrvinnslugjald. Má m.a. nefna að í 15. gr. laga um úrvinnslugjald kemur fram að Úrvinnslusjóður skuli ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokkum. Stjórn ræddi um starfsskýrslurnar. Stjórn lagði áherslu að við birtingu þeirra sé gerður fyrirvari vegna ósamþykktra reikninga.

*Stjórn samþykkir starfsskýrslur Úrvinnslusjóðs fyrir árin 2017,2018 og 2019.
Starfsskýrslurnar verði birtar á vef Úrvinnslusjóðs.*

7. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 27. maí 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10:20